



# Árs- og samfélagsskýrsla ÁTVR 2020

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERSLUN RÍKISINS  
Stuðlaháls 2 | vinbudin@vinbudin.is | vinbudin.is

 VÍNBÚÐIN

# Formáli forstjóra



Árið 2020 verður lengi í minnum haft hjá starfsfólki ÁTVR. Reksturinn var óvenjulegur og var afkoma ársins langt umfram áætlun. Heildarveltan fór yfir 50 milljarða og hefur aldrei, í tæplega hundrað ára sögu ÁTVR, verið svo há. Í upphafi ársins var ekkert sem gaf til kynna að eitthvað óvenjulegt væri á seyði en þegar líða fór á veturinn komu uggvænleg tíðindi frá Kína. Skömmu síðar var veirufaraldurinn allsráðandi.

Snemma varð ljóst að mikil álag biði starfsfólks. Veitingahús og barir meira og minna lokaðir, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli óstarfhæf vegna þess hversu fáir voru á ferðalagi og margir sem alla jafna eyða vetrinum í útlöndum komnir heim.

Fljótlega jókst álagið í Vínþúðunum og ljóst að beita þurfti öllum ráðum til þess að ráða við ástandið. Söluaukningin fór langt fram úr öllum áætlunum. Ofan á þetta bættust umfangsmiklar sóttvarnarráðstafanir sem settar voru í gang til þess að verja starfsfólk og viðskiptavini fyrir smiti.

Álagið var einna mest í dreifingarmiðstöðinni. Þaðan er mestöllu áfengi sem ÁTVR selur dreift til Vínþúðanna. Þar var nauðsynlegt að skipta starfseminni upp í fjögur sóttvarnarhólf og allur samgangur verulega takmarkaður. Reglulega var allt sótthreinsað til þess að koma í veg fyrir smit. Á vinnustað þar sem starfa yfir 40 manns og töluð eru átta tungumál var mikil áskorun að láta aðgerðirnar ganga upp og tryggja eðlilega starfsemi. Miðað við eðlileg afköst í dreifingarmiðstöðinni fara þar í gegn rúmlega 22 milljónir lítra á ári. Ekkert má út af bera til þess að dreifingin fari ekki úr skorðum. Þegar leið á sumarið fór reksturinn að þyngjast og álagið að aukast. Með ótrúlegu átaki og samvinnu allra tókst að láta starfsemina ganga upp við þessar erfiður aðstæður. Lítrarnir sem fóru í gegn um dreifingarmiðstöðina á árinu fóru yfir 26 milljónir og jókst magnið á árinu um rúmar fjórar milljónir lítra.

Að öllu jöfnu er mikill veltuhraði í dreifingarmiðstöðinni. Á árinu jókst veltuhraðinn um 20% og fór í 42. Það þýðir að öllum lagernum er velt á innan við 9 dögum að meðaltali yfir árið en meðalbirgðir í dreifingarmiðstöðinni eru um 600 þús. lítrar. Tölurnar sýna ótvírætt hvað gekk á og er með ólíkindum að þetta hafi gengið upp miðað við hvernig ástandið var.

Birgjar ÁTVR stóðu sig einstaklega vel við að útvega vörur en ÁTVR kaupir allt áfengi af innlendum birgjum. Heilmikil vinna var hjá birgjum við að skipta á milli söluaðila þegar Fríhöfnin og veitingahús duttu meira eða minna út og ÁTVR var nánast eini söluaðili áfengis í landinu. Það tókst með ágætum að tryggja framboð vöru og eiga birgjarnir þakkir skildar fyrir gott samstarf.

Starfsfólk skrifstofu lá ekki heldur á liði sínu. Skrifstofunni var hólfaskipt til þess að koma í veg fyrir smit og aðgangur milli hólfum bannaður. Mötuneytinu var lokað. Þeir sem gátu unnið heima gerðu það. Tómlegt var á skrifstofunni. Allt var gert til þess að koma í veg fyrir smit. Mikilvægast af öllu var að halda vöruflæðinu gangandi og tryggja að Vínbúðirnar fengju næga vöru handa viðskiptavinunum. Ekki var nóg að dreifingarmiðstöðin gæti afgreitt pantanir til Vínbúða heldur varð að tryggja að vörurnar kæmust tímanlega í hillur verslananna. Með samstilltu átaki tókst að láta þetta ganga upp en svo sannarlega var handagangur í öskjunni. Bakvarðasveit Vínbúðanna var stofnuð til þess að aðstoða við dreifingu og áfyllingu vöru og samanstóð sveitin af starfsfólk skrifstofu og fleirum og má segja að allir sem vettlingi gátu valdið hafi boðið fram aðstoð til þess að hægt væri að koma vörum í hillur Vínbúðanna. Skrifstofufólk Íslensk fyrir að vera tilbúið til þess að leggja fram krafta sína við gerólík störf og fyrir utan venjulegan vinnutíma.

Starfsfólk Vínbúðanna starfar í framlínunni og þangað koma viðskiptavinirnir. Mikið var í húfi að verjast smiti þannig að starfsemin gengi áfallalaust. Komið var upp alls konar sóttvarnarbúnaði og allir höfðu aðgang að handspritti og grímum. Einnig var settur upp ýmis hlífðarbúnaður til þess að verja starfsfólk Íslensku. Aðgangstakmarkanir fyrir hverja búð voru í gildi og einungis tiltekinn fjöldi viðskiptavina leyfður hverju sinni. Það er hverjum manni ljóst að við þessar aðstæður er afskaplega erfitt að vera í framlínustarfi og sinna þjónustu við viðskiptavini. Veltuhraðinn í Vínbúðunum fór yfir 24 að meðaltali á árinu. Það er þýðir að öllum lagernum í verslunum er velt að jafnaði tvísvar í mánuði. Það er fáheyrður veltuhraði og ljóst að allir liðir í aðfangakeðjunni verða að ganga eins og smurð vél. Það var því sérstaklega ánægjulegt að fá niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar þetta árið en ÁTVR hefur aldrei fengið hærri einkunn hjá viðskiptavinum sínum eða 75,4 stig. Niðurstaðan er mikil viðurkenning fyrir starfsfólk ÁTVR.

Á árinu 2020 komu alls 5,5 milljónir viðskiptavina til ÁTVR og keyptu þeir 26,8 milljónir lítra af áfengi. Áfengi var selt fyrir 38,4 milljarða og alls jókst áfengissalan um 18,29% á árinu. Stærsti dagurinn var 30. desember. En þann dag komu 43.767 viðskiptavinir til ÁTVR. Seldir voru 286.189 lítrar yfir daginn og fór sala dagsins yfir hálfan milljarð.

Tóbak var selt fyrir 12,5 milljarða á árinu. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 5.969 m.kr. á árinu 2020 og hækkaði um 284 milljónir frá árinu 2019. Sala vindlinga í magni jókst um 8,6%. Selt magn neftóbaks var 25.434 kg og var samdrátturinn 44,8% frá síðasta ári.

Samfélagsleg ábyrgð er í kjarna fyrirtækisins og stuðlar hún að aukinni sjálfbærni með innleiðingu á hringrásarhagkerfinu. Til að ná markmiðum um sjálfbærni hefur stefna fyrirtækisins verið fléttuð saman við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar. Unnið var áfram með Græn skref í ríkisrekstri, vistvæn innkaup og grænt bókhald. ÁTVR heldur áfram að kolefnisjafna alla beina losun og mun halda áfram að þróa kolefnisbókhald fyrirtækisins. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að vinna með nemum í háskólasamfélaginu í sjálfbærniverkefnum.

Greint hefur verið frá sjálfbærni í rekstri fyrirtækisins frá árinu 2012 með GRI (Global Reporting Initiative) aðferðafræðinni og má sjá í sjálfbærniskýrslunni að minni sóun og áhersla á umhverfisvernd skilar fjárhagslegum ávinningi. Fyrirtækið hefur unnið að orkuskiptum í samgöngum. Nú eru 22 hleðslustöðvar fyrir bíla fyrirtækisins, starfsfólk og viðskiptavini á Stuðlahálsi 2.

Norræn samvinna systurfyrirtækja er mikilvæg og þar eru skilgreind markmið til ársins 2025. Í ár var unnið í betri nýtingu á vatni og mannréttindum í framleiðslu. Á næsta ári verður unnið í líffræðilegum fjölbreytileika og heilbrigði jarðvegsins.

Ég hef aldrei verið stoltari af því að vinna hjá ÁTVR en á síðasta ári. Starfsfólk verslunarinnar er einstakt í sinni röð. Það er með ólíkindum að mitt í öllu þessu á lagi hafa viðskiptavinir ÁTVR gefið okkur hæstu einkunn sem við höfum nokkru sinni fengið. Ég færí mínu frábæra samstarfsfólki bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu. Betra starfsfólk getur enginn forstjóri óskað sér.

Ívar J. Arndal

## INNGANGUR

# Heildarstefna

## Hlutverk

Að framfylgja stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið.

## Stefna

Að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynnd á sviði samfélagsábyrgðar.



Framúrskarandi  
**ÞJÓNUSTA**

Við veitum framúrskarandi og fjölbreytta þjónustu með jákvæðu viðmóti, virðingu og faglegri ráðgjöf. Það er okkur hjartans mál að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina með fagmennsku og fræðandi upplýsingum.

**Upplifun – Vöruúrval – Traust**



frábært  
**STARFSFÓLK**

Frábært starfsfólk er grunnur að góðum árangri. Við viljum eftirsóknarverðan vinnustað þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu.

**Starfsumhverfi – Þekking – Liðsheild**



ábyrgir og skilvirkir  
**STARFSHÆTTIR**

Fagmennska, hagkvæmni og ábyrg vinnubrögð einkenna starfsemina. Lögð er áhersla á mælanleg markmið til að tryggja árangur á öllum sviðum. Við fylgjumst með og tileinkum okkur nýjungrar til framfara.

**Ábyrgð – Fagmennska – Nýsköpun**



og góð tengsl við  
**BIRGJA**

Við leggjum áherslu á góð tengsl og samvinnu við birgja og þjónustuaðila. Við gætum jafnræðis í samskiptum og við val og dreifingu á vörum. Öflug rafræn samskipti og birgjavefur bæta þjónustu og upplýsingaflæði.

**Jafnræði – Samtal – Upplýsingar**



skapa **SÁTT** í samfélagini  
um hlutverk okkar

Við erum fyrirmund í samfélagsábyrgð og þjónustu. Við stuðlum að sátt og jákvæðu orðspori um hlutverk okkar. Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka vistspor okkar.

**Sjálfbærni – Samfélagið – Ímynd**

ÁTVR vinnur eftir **15 ÁHERSLUM** sem styðja við fimm meginþætti starfseminnar.

Stefnan gildir frá 1. janúar 2020

Árið 2019 var unnið að stefnumótun og endurskoðun heildarstefnu Vínbúðarinnar með þátttöku starfsfólks. Ný heildarstefna tók gildi 1. janúar 2020 og byggir hún á fimm meginþáttum starfseminnar: þjónustu, starfsfólk, starfsháttum, birgjum og samfélagi. Fyrir meginþættina hafa verið skilgreindar 15 áherslur og út frá þeim eru aðgerðaáætlanir og mælikvarðar unnir.

ÁTVR hefur sett sér stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnu.

**Hér er hægt að kynna sér stefnur ÁTVR →**

INNGANGUR

# Framkvæmdaráð



Ívar J. Arndal  
Forstjóri



Sigrún Ósk Sigurðardóttir  
Aðstoðarforstjóri



Sveinn Víkingur Árnason  
Framkvæmdastjóri




Kristján M. Ólafsson  
Framkvæmdastjóri

INNGANGUR

## Skipulag og stjórnun

ÁTVR starfar eftir lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011. Lögin gilda um smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki. Markmið laganna er þríþætt: að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu, að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstjóra sem fer með stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri.



Skipuritið gildir frá 1. ágúst 2020

Skipuritið sýnir starfsemi fyrirtækisins á myndrænan hátt. Meginsviðin eru tvö, vörudreifing og heildsala tóbaks, og sölu- og þjónustusvið. Stoðsviðin eru fjögur: fjárhagssvið, mannaðs- og starfsþróunarsvið, rekstrarsvið og vörusvið. Þeim er ætlað að styðja meginsviðin tvö. Þann 1. ágúst tók gildi nýtt skipurit þegar Kristján M. Ólafsson var ráðinn framkvæmdastjóri Sölu- og þjónustusviðs. Framkvæmdastjórar eru þrír og bera þeir ábyrgð á daglegri starfsemi sviðanna. Til að tryggja skilvirkja stjórnun, funda forstjóri og framkvæmdastjórar að jafnaði vikulega. Vegna aðstæðna á árinu burfti að endurhugsa alla fundi og upplýsingaflæði. Workplace varð miðpunktur í miðlun upplýsinga og tók að mestu við hlutverki reglulegra funda sem áður voru haldnir. Fjarfundabúnaður var settur upp á flestar starfsstöðvar til að tryggja betri samskipti og upplýsingaflæði.

Að jafnaði hefur mikil áhersla verið á starfsemi verkefna og umbótahópa. Í ár var meginþungi verkefna vegna aðgerða er tengdust COVID-19. Meðal annars útfærsla á samkomutakmörkunum og að tryggja eins góða þjónustu og hægt væri. Stærstu verkefnaáskoranir tengdust vörufloði vegna mikillar og óvæntrar söluaukningar sem hófst í mars.

# Árs- og samfélagsskýrsla

Starfsemi ÁTVR er eingöngu á Íslandi. Árs- og samfélagsskýrslan nær yfir alla starfsemina og gildir fyrir árið 2020. Ísland er skilgreint sem nærsamfélag, allir stjórnendur eru íslenskir og búsettir á landinu. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og birt á [vinbudin.is](http://vinbudin.is). Hægt er að prenta skýrsluna út í heild eða velja einstaka hluta hennar til útprentunar.



Við gerð skýrslunnar er fylgt Global Reporting Initiative (GRI) Standards. Tilgangurinn er að skrá og miðla með gagnsæjum hætti upplýsingum sem tengdar eru samfélagslegri ábyrgð. Í skýrslunni sem fylgir **Core** útgáfunni er gerð grein fyrir 38 mælikvörðum í öllum þremur flokkum sjálfbærni. Hægt er að nálgast heildaryfirlit og mælikvarða í sjálfbærnihluta skýrslunnar ([hér](#)). Gerð er grein fyrir mælikvörðum í texta skýrslunnar þar sem það á við.



**Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** um sjálfbæra þróun tóku gildi í ársþyrjun 2016. Þau eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og þeim fylgja 169 undirmarkmið. Mælt er með því að fyrirtæki og stofnanir innleiði markmiðin í starfsemi sína. Hægt er að velja sér ákveðin markmið til að setja í forgang eða vinna með þau sem heild. ÁTVR hefur unnið með sex áherslumarkmið: heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftlagsmálum og samvinnu um markmiðin. Í sérstöku yfirliti í skýrslunni er gerð grein fyrir einstökum áherslum.



Amfori eru leiðandi samtök í heimi viðskipta þar sem markmiðið er að tryggja að öll viðskipti skapi félagslegan, umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning fyrir alla. Áfengiseinkasölur á Norðurlöndunum, þar með talið ÁTVR, eru aðilar að amfori. Siðareglur amfori eru lagðar til grundvallar í norræna samstarfinu (NAM – Nordic alcahol monopoly). Með aðild vilja einkasölur stuðla að aukinni sjálfbærni í aðfangakeðjunni og tryggja, eins og kostur er, að allar vörur sem boðnar eru til sölu séu framleiddar í samræmi við siðareglur. Á árinu var samstarf amfori og NAM aukið verulega til að ná sem bestum árangri og betri skilvirkni. Á hinn bóginn þurfti að fresta mörgum fyrirhuguðum verkefnum vegna COVID-19.



FESTA  
Samfélagsábyrgð  
fyrirtækja

ÁTVR er meðlimur í Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og tekur virkan þátt í starfsemi félagsins. Hlutverk Festu er að efla samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og hvetja þau til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni.

INNGANGUR

# Hagsmunaaðilar

Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynnd á sviði samfélagsábyrgðar.

Við mat á samfélagslegri ábyrgð hefur hagsmunaaðilum verið skipt í fimm flokka: viðskiptavinir, mannauður, samfélag, eigandi og birgjar. Gerð er grein fyrir áherslum gagnvart einstökum hagsmunaaðilum en allar miða þær að því að fylgja þeim áherslum sem koma fram í heildarstefnunni.



Viðskiptavinir →



Samfélagið →



Mannauður →



Eigandinn →



Birgjar →

# Sjálfbærnistjórnun

## Markmið og mælikvarðar

Aðgerðaáætlun er unnin út frá stefnu og áherslum, að jafnaði til þriggja ára í senn.

Á grunni þeirrar áætlunar er unnin ársáætlun með helstu verkefnum og ábyrgðaraðilum. Talsvert af áætuðum verkefnum ársins frestuðust vegna óvæntra aðstæðna í samfélaginu og önnur, sem höfðu mikil áhrif á starfsemina, komu í staðinn. Mælanleg markmið eru sett fyrir flesta þætti í rekstri og eru niðurstöður kynntar mánaðarlega meðal annars í skorkortum Vínþúðanna. Öll skorkort eru aðgengileg starfsfólki á sérstöku svæði, auk annarra gagnlegra upplýsinga sem snúa að rekstri. Stöðugt er unnið að því að þróa upplýsingar og gögn ætluð stjórnendum til að auðvelda ákvarðanir og auka yfirsýn.

## Sjálfbærnistjórnun

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkað eftir hagsmunaaðilum með tilvísun í GRI mælikvarða og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Einnig er í töflunni tilvísun í siðareglur alþjóðasamtakanna amfori.

HAGSMUNAAÐILI	SJÁLFBÆRNISVIÐ	2020 Niðurstaða	2020 Markmið	2021 Markmið	Viðmið GRI	Heimsmarkmið	amfori (BSCI)
 SAMFÉLAGIÐ	Anægja með fyrirkomulag áfengissölu %	Gallup - könnun	64 <span style="color: yellow;">●</span>	65	65	413-1	#3
	Ungt fólk spurt um skilríki	Hulduheimsóknir, % árangur	78 <span style="color: red;">●</span>	90	90	414-2	#3
	Endurvinnsluhlutfall %		93 <span style="color: yellow;">●</span>	94	94	306-2	#12 #13
	Loftslag - flutningur áfengis/tóbaks	CO <sub>2</sub> tonn	371 <span style="color: red;">●</span>	330	359	305-1 305-3	#13
	Léttgler (minna en 420 g) í 750 ml vínlöskum	Hlutfall af seldum litrum %	43 <span style="color: red;">●</span>	50	50	301-3	#12 #13
 VIÐSKIPTAVINIR	Anægja viðskiptavina	Íslenska ánægjuvogin <sup>1</sup>	75,4 <span style="color: green;">●</span>	74	74	102-43	#4
	Ímynd	Íslenska ánægjuvogin <sup>1</sup>	75 <span style="color: green;">●</span>	73	74	102-43 416-1	#17
	Viðmót starfsfólks	Gallup - þjónustukönnun <sup>2</sup>	4,7 <span style="color: green;">●</span>	47	4,7	102-43	#9
	Þekking starfsfólks	Gallup - þjónustukönnun <sup>2</sup>	4,1 <span style="color: yellow;">●</span>	4,2	4,2	102-43	#4
 MANNAUÐUR	Frábært starfsfólk er grunnur að góðum árangri. Við viljum eftirsóknarverðan vinnustáð þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Áhersla er lögð að að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsnægju og framrúskarandi þjónustu.	Starfsnægja	Vinnustáðagreining Gallup <sup>2</sup>	4,32 <span style="color: yellow;">●</span>	4,40	4,40	102-8 407-1
	Starfsandi	Stofnun ársins <sup>2</sup>	4,45 <span style="color: green;">●</span>	4,45	4,45	102-8	#5 #10
	Fjarvistir v/veikinda sem hlutfall af unnum klst. %		3,0	Breyttur kvarði	2,9	403-2	#3 #11
	Tækifæri til að læra og þróast í starfi	Vinnustáðagreining Gallup <sup>2</sup>	4,2 <span style="color: yellow;">●</span>	4,30	4,30	404-1	#4 #5
 BIRGJAR	Við leggjum áherslu á góð tengsl og samvinnu við birgja og þjónustuáðila. Við gaetum jafnræðis í samskiptum og við val og dreifingu á vörum. Öflug rafrað samskipti og birgjavæfur bæta þjónustu og upplýsingaflæði.	Heildaránægja birgja	Birgjakönnun <sup>2</sup>	3,7 <span style="color: yellow;">●</span>	4,1	4,2	204-1 408-1 409-1
	Hlutleysi gagnvart birgjum tryggt með reglugerð um vörual	Birgjakönnun <sup>2</sup>	3,3 <span style="color: yellow;">●</span>	3,7	3,7	204-1 205-1	#17
	Lifráent ræktað áfengi og sanngjörn framleiðsla, % sala		1,5 <span style="color: green;">●</span>	1,5	2,0	301-1	#2 #12
 EIGENDUR	Arðsemi eiginfjár %		39,4 <span style="color: green;">●</span>	15	17,5	201-1	#8
	Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu %		0,053 <span style="color: red;">●</span>	0,040	0,040	205-1	#8

1) Mælt á kvarðanum 0-100    2) Mælt á kvarðanum 1-5

● Markmiði hefur verið náð

● Á góðri leið að ná markmiði

● Markmiði ekki náð

VIÐSKIPTAVINIR

## Ánægja viðskiptavina

Við veitum framúrskarandi og fjölbreytta þjónustu með jákvæðu viðmóti, virðingu og faglegri ráðgjöf. Það er okkur hjartans mál að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina með fagmennsku og fræðandi upplýsingum.




VIÐSKIPTAVINIR

## Að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins

Vínbúðin er í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins með fjórðu hæstu einkunn allra fyrirtækja í íslensku ánægjuvoginni.

Íslenska ánægjuvogin er einn mikilvægasti mælikvarði til að fylgjast með hvort markmiðið að vera eitt af bestu þjónustufyrirtækjum landsins, náist. Sérstaklega er horft til fyrirtækja á smásöllumarkaði þegar kemur að samanburðinum. Vínbúðin var með næsthæstu einkunn í flokki fyrirtækja á smásöllumarkaði og fjórðu hæstu einkunn allra fyrirtækja. Einkunnin hækkaði milli ára og var núna 75,4 stig af 100 mögulegum. Þetta er hæsta einkunn sem viðskiptavinir hafa gefið Vínbúðinni frá upphafi. Alls voru birtar niðurstöður 37 fyrirtækja í 12 atvinnugreinum.

ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA




Einkunn í íslensku ánægjuvoginni og samanburður við meðaltal annarra fyrirtækja. Einkunn á skalanum 0 – 100. Könnun framkvæmd af Zenter ehf.




Árlegar þjónustukannanir mæla ánægju viðskiptavina í hverri Vínbúð fyrir sig. Viðskiptavinir gefa einkunn fyrir þjónustu, vörugal, viðmót og þekkingu starfsfólks. Vínbúðirnar eru flokkaðar í minni og stærri búðir eftir vörugal. Helstu mælikvarðar eru ánægja með þjónustu og viðmót starfsfólks. Almennt er einkunn minni Vínbúða, sem allar eru á landsbyggðinni, hærri en þeirra stærri. Í flokki stærri búða eru allar Vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu auk Vínbúðanna á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.

#### Á HEILDINA LITIÐ, HVERSU ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) ERTU MEÐ ÞJÓNUSTU VÍNBÚÐARINNAR?



Mælt á kvarðanum 1-5. Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna sept. - des. 2020.

#### HVERSU GOTT EÐA SLÆMT FINNST ÞÉR VIÐMÓT STARFSFÓLKS VÍNBÚÐANNA ALMENNT VERA?




Mælt á kvarðanum 1-5. Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna sept. - des. 2020.

Tilgangur kannana er að fá fram skoðun viðskiptavina á þeim þáttum sem taldir eru mikilvægastir, niðurstöðurnar eru rýndar og nýttar til umbóta.

# Vefurinn

Á vefsíðunni [vinbudin.is](#) er að finna greinargóðar upplýsingar meðal annars um starfsemina, vörual, opnunartíma og staðsetningu Vínbúða. Mikil áhersla er lögð á að fræða viðskiptavini og tengja saman vín og mat. Nýr fróðleikur með áherslu á þetta er birtur reglulega.


Á árinu bættust við *Mínar síður* á vinbudin.is. Viðskiptavinir geta skráð sig þar inn með rafrænum skilríkjum og færast þá inn á lokað svæði. Á *Mínum síðum* er hægt að setja vörur á topplista, gefa einkunn og skrifa minnisatriði, auk þess er hægt að sjá yfirlit yfir vefpantanir og skoða stöðu þeirra. Eins og áður geta viðskiptavinir verslað í vefbúð á síðunni vinbudin.is, vöruúrvalið þar var aukið verulega á árinu. Fjöldi pantana í vefbúð þrefaldaðist og er sennilegt að aðstæður í þjóðfélaginu, vegna heimsfaraldursins, hafi ýtt undir vefverslun.



## Fjöldi viðskiptavina

Viðskiptavinum fjölgaði um 8,5% á árinu og á sama tíma jókst sala áfengis um 18,3%. Það voru 5,5 milljónir viðskiptavina sem fengu þjónustu hjá Vínbúðunum. Flestir viðskiptavina kusu að koma á föstudögum. Þó komu færri viðskiptavinir í lok vikunnar, það er á föstudögum og laugardögum, en undanfarin ár. Vínbúðin hvatti viðskiptavini til að versla á rólegri tímum til að forðast biðraðir sem voru afleiðingar fjöldatakmarkana vegna COVID-19.


HLUTFALL VIÐSKIPTAVINA EFTIR DÖGUM



Flestir viðskiptavinir heimsóttu Vínbúðirnar 30. desember, þann dag komu tæplega 44 þúsund viðskiptavinir. Þeir eru fimm dagarnir á árinu sem fleiri en 37 þúsund viðskiptavinir fengu þjónustu. Til samanburðar þá er meðalfjöldi viðskiptavina á hefðbundnum föstudagi tæplega 32 þúsund. Þessa fjölgun viðskiptavina og söluaukningu má að mestu rekja til ástandssins sem ríkti í samfélagini. Sala Fríhafnarinnar lagðist að mestu af og barir og veitingahús voru lokað stóran hluta ársins.

## FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA

Flokkað eftir stærstu dögum ársins ásamt samanburði meðalfjölda á föstudagi



**5.549**

þúsund viðskiptavinir

ÁTVR hefur með markvissum hætti hvatt viðskiptavini til að draga úr notkun einnota burðarpoka með því að bjóða fjölbreytt úrvaf af fjölnota burðarpokum á hagstæðu verði. Viðskiptavinir hafa tekið áskoruninni vel og voru tæplega 66 þúsund fjölnota pokar seldir á árinu. Hlutfall viðskiptavina sem kaupa einnota burðarpoka fer lækkandi og er nú tæplega 24%, engu að síður voru um 1,3 milljónir einnota burðarpoka seldir. Á árinu var hætt að bjóða plastpoka sem valkost einnota burðarpoka, núna eru allir einnota burðarpokar gerðir úr niðurbrjótanlegu efni.

	2020	2019	% breyting
Seldir lítrar	26.810.077	22.664.125	18,3%
Fjöldi viðskiptavina	5.549.232	5.115.223	8,5%
Einnota burðarpokar	1.307.179	1.274.257	2,6%
Fjölnota burðarpokar	65.608	54.305	20,8%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa einnota burðarpoka	23,6%	24,9%	-5,4%

**9,4**

milljónir í pokasjóð

**23,6%**

viðskiptavina kaupa  
einnota burðarpoka

**65.608**

fjölnota pokar seldir

# Vínbúðir ársins

Öllum Vínbúðum eru sett mælanleg markmið til að meta árangur í rekstri. Markmiðin eru meðal annars um skilríkjaeftirlit, ánægju með þjónustu, viðmót starfsfólks, rýrnun og gæðaeftirlit. Vínbúðunum er skipt í two flokka eftir fjölda tegunda í vörumerki, stærri og minni Vínbúðir. Í flokki stærri Vínbúða eru þær 17, en 34 í flokki þeirra minni. Mánaðarlega eru niðurstöður mælinga birtar og gerðar aðgengilegar öllum Vínbúðum.

Árlega er starfsfólk þeirra Vínbúða sem bestum árangri ná, veitt viðurkenning. Að þessu sinni var Vínbúðin í Garðabæ valin Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða og í flokki minni Vínbúða var það Vínbúðin á Flúðum. Auk þess fengu Vínbúðirnar á Dalvegi og í Ólafsvík sérstaka viðurkenningu.


**Vínbúð ársins  
í flokki stærri  
Vínbúða 2020**  
Garðabær



**Vínbúð ársins  
í flokki minni  
Vínbúða 2020**  
Flúðir



# Ábyrgt vörugal



## Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Í nútíma samfélagi eru gerðar sífellt meiri kröfur til fyrirtækja á sviði samfélagsábyrgðar. Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasölurnar Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasøla Landsins í Færeyjum og ÁTVR verið í samstarfi í vinnu sem snýr að siðferðilegum grundvallarreglum í aðfangakeðjunni. Markmið samstarfsins á sviði samfélagsábyrgðar er að tryggja, eins vel og kostur er, að allt áfengi sé framleitt samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.

Allar einkasölurnar eru meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori, en markmið þeirra er að tryggja aukna samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni. Í gegnum árin hafa helstu vínframleiðslulönd heims verið heimsótt þar sem fundað hefur verið með helstu hagsmunaaðilum. Á fundunum hafa siðareglur sem einkasölurnar hafa lagt til grundvallar verið kynntar. Siðareglurnar byggja á siðareglum amfori. Verkefninu er ætlað að leiðréttá hegðun, ef úrbóta er þörf, en ekki útiloka vörur nema önnur úrræði hafi verið fullreynd. Á undanförnum árum hafa Alko, Systembolaget og Vinmonopolet staðið fyrir fjölda úttekta á vegum alþjóðlegra úttektaraðila í samstarfi við amfori. Úttektirnar byggja á því að meta framleiðendur og/eða ræktendur á grundvelli siðareglanna og gera áætlun til úrbóta ef þörf er á. Í ár þurfti að fresta fjölda úttekta þegar heimsfaraldur skall á, en um leið og aðstæður leyfa verður haldið áfram þar sem frá var horfið. Allar niðurstöður úttekta eru birtar einkasöllum á sérstöku vefsþærði amfori.

## Vörugal

Vörugal Vínbúðanna byggir á reglugerð um vörugal, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (nr.1106/2015) með síðari breytingum. Í grunninn ræðst vörugvalið af eftirspurn viðskiptavina. Vörugal byggir á þremur megin söluflokkum, kjarna, reynslu og sérflokki. Auk þess eru smærri tímabundnir flokkar sem tengjast ákveðnum árstíðum eða tímabilum, svo sem þorra, sumri og jólum. Kjarni er megin söluflokkurinn og myndar grunn að vörugvali hverrar Vínbúðar. Vörugal í kjarna er endurmetið þrisvar á ári.

Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum og fær dreifingu í fjórar Vínbúðir við upphaf sölu. Vínbúðirnar eru Heiðrún, Álfrun, Kringlan og Skútuvogur. Ef reynsluvara nær tilteknun viðmiðum í sölu færst hún í kjarna og verður þar með fáanleg í fleiri Vínbúðum. Á hverju tímabili eru 100 söluhæstu vörunum í reynsluflokki dreift í þrjár Vínbúðir til viðbótar þeim fjórum sem hafa allan reynsluflokkinn, þær eru Vínbúðirnar Dalvegur, Skeifan og Akureyri.

Sérflokki er ætlað að mæta óskum viðskiptavina og styðja stefnuna um að veita framúrskarandi þjónustu og bjóða vörugal sem byggir á fjölbreytni og gæðum.

**3.699**

vörur í vöruluvali

**75%**

viðskiptavina ánægðir  
með vöruluvalið


**806**

nýjar vörur í  
reynslusölu á árinu


Vínbúðum er skipt í stærðarflokka og grundvallast röðun þeirra í flokka eftir sölu.

Alls eru flokkarnir níu. Í minnsta flokknum K1 eru að lágmarki 100 vörur í grunnvöruvali. Í þeim stærsta K9 eru að lágmarki 1.500 vörur. Vöruluval minnstu búðanna er þó nær því að vera 200 vörur í heildina og mesta vöruluval í Vínbúð er allt að 2.900 vörur. Viðskiptavinir nýta sér í auknu mæli að geta pantað vörur í vefbúð og fá afhentar í Vínbúð að eigin vali eða sækja beint í afgreiðslu dreifingarmiðstöðvar á Stuðlahálsi. Veisluvín eru einnig í auknu mæli afgreidd beint frá dreifingarmiðstöð. Þegar litið er á hlutdeild Vínbúða í heildarsölu þá hafa K1 - K5 Vínbúðir, vefbúð og veisluvín um 21% hlutdeild en ef litið er á fjölda Vínbúða í hlutfalli við heildarfjölda þeirra þá er hlutfall þeirra 67%.

**MARKAÐSHLUTDEILD VÍNBÚÐAFLOKKA Í  
HEILDARSÖLU VÍNBÚÐA**



**VÍNBÚÐIR FLOKKAÐAR EFTIR STÆRD**



## Sérstakar áherslur í vöruluvali

Sérstakar áherslur hafa verið í vöruluvali einstakra Vínbúða. Bjór hefur fengið aukna dreifingu í Vínbúðina í Skútuvogi. Á árinu bættist Heiðrún einnig í þann flokk eftir að bjórrými verslunarinnar var stækkað. Léttvín og sterkt áfengi í dýrari verðflokkum hafa fengið dreifingu í Vínbúðirnar Heiðrúnu og Kringluna.

ÁTVR leggur áherslu á að bjóða vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélag og umhverfi. Viðskiptavinum er gert auðveldara fyrir með að velja slíkar vörur með sérmerkingum bæði í hillum Vínbúða og á vinbudin.is. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að auka fjölbreytni lífrænt vottaðra vara. Rannsóknir sýna að lífræn ræktun bindur meira kolefni en önnur ræktun og stuðlar að sjálfbærni. Í árslok voru 189 tegundir af lífrænt vottuðum vörum í sölu, flestar vín og var um 8% af seldomum lítrum léttvínis lífrænt vottuð.

Á vinbudin.is geta viðskiptavinir afmarkað leit eftir fjölda flokka, svo sem sérmerkingum eins og lífrænt, bíódínamik, sanngjart, vegan og fleiri þáttum. Til viðbótar er hægt að afmarka leit eftir landi, framleiðanda, þrúgu, stærð og umbúðargerð svo eitthvað sé nefnt.



### Gæðaeftirlit vörur

Áður en vörur eru samþykkтар í vörval eru þær skoðaðar. Það er gert til að tryggja að þær uppfylli formskilyrði laga og reglna. Ef ekki eru gerðar athugasemdir fara vörur í skynmat til að tryggja gæði. Til viðbótar er styrkleiki alkóhóls mældur í öllum vörum. Vín er einnig mælt í sérhæfðu mælitæki þar sem, auk alkóhóls, er meðal annars mældur sykur, súlfít, sýra og fleiri þættir sem gagnast við gæðaeftirlit. Þannig er hægt að veita viðskiptavinum sem áreiðanlegastar upplýsingar.

Á árinu voru framkvæmdar 2.149 mælingar. Flestar mælingar staðfestu réttar merkingar. Í 103 tilvikum eða 4,8% fundust frávik frá uppgefnu alkóhólmagni. Brugðist er við ef frávik eru fyrir utan skilgreind viðmiðunarmörk.

Haustið 2020 tók ÁTVR þátt í rannsóknarverkefni á glútenfríum bjór sem unnið var í samstarfi við einkasölu á Norðurlöndum. Markmið rannsóknarinnar var að greina hvort glúteninnihald væri innan leyfilegra marka. Mældir voru 16 glútenfriir bjórar frá Íslandi, þeir innihéldu glúten undir leyfðum viðmiðunarmörkum sem leyfir bjór að fá merkinguna glútenfrír.

Vörugæði og neysluöryggi eru meginstoðir í ábyrgri starfsemi ÁTVR. Fjöldi skilaðra eininga á árinu voru 3.838 sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Flest vöruskil má rekja til korkskemmda. Af hverjum 100 þúsund seldum einingum var um 7 skilað. Fjöldi innkallana á árinu voru 13. Helstu orsakir voru frávik í gæðum.



MANNAUDUR

## Mannauður

Frábært starfsfólk er grunnur að góðum árangri. Við viljum eftirsóknarverðan vinnustað þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu.




MANNAUDUR

## Ánægt starfsfólk

Áhersla er lögð á að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem markmiðið er að stuðla að almennri starfsánægju, góðum starfsanda og framúrskarandi þjónustu. Gildin Lipurð, Þekking og Ábyrgð endurspeglar þær áherslur og skapa grunn að góðum vinnustað. Árlega gerir Gallup viðamikla vinnustaðagreiningu til að skoða líðan og fá fram skoðun starfsfólks á fjölmögum þáttum. Helgun starfsfólks er einn mikilvægasti mælikvarðinn og er helgun mæld með þrettán spurningum. Meðaltal helgunar er á styrkleikabili og lækkaði óverulega milli ára.

### HELGUN - NIÐURSTAÐA KJARNASPURNINGA

Kvarðinn 1-5



Til að stuðla að umbótum og viðhalda því sem vel er gert þá eru heildarniðurstöður og niðurstöður hverra starfsstöðva kynntar starfsfólk. Samhliða vinnustaðagreiningu er framkvæmt yfirmannamat. Allir yfirmenn, sem hafa fimm eða fleiri undirmenn, fá mat og kynningu.

Val á stofnun ársins er samræmd könnun stofnana í eigu ríkisins. Könnunin mælir starfsánægju og fjölmarga aðra þætti sem snúa að stjórnun og starfsumhverfi. ÁTVR var í tiunda sæti stórra stofnana, þeirra sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri, með heildareinkunnina 4,23. Til samanburðar er heildareinkunn allra stofnana 3,95.



MANNAUDUR

## Góð heilsa

ÁTVR er mjög annt um heilsu starfsfólks og hefur velferð þess ávallt að leiðarljósi. Áhersla er lögð á hvatningu og markvissa miðlun upplýsinga. Viðerustefna var samþykkt, en stefnunni er ætlað að upplýsa starfsfólk um mikilvæg atriði sem tengjast fjarveru frá vinnu. Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu og vellíðan með margvíslegum hætti. Boðið er upp á styrki og fræðslu og hvatt er til þátttöku í vinnustaðakeppnunum Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna.

Starfsfólk eru boðnir samgöngusamningar. Markmið þeirra er í meginatriðum tvíþætt: að auka hreyfingu og minnka umhverfisáhrif. Starfsfólk sem gerir samgöngusamning skuldbindur sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti, að jafnaði þrisvar í viku eða oftar. Boðið er upp á samninga eftir árstíðum, sumar og vetur. Fleira starfsfólk óskar eftir samningi yfir sumartímann. Hlutfall starfsfólks sem gerði sumarsamning lækkaði á milli ára úr 43% í 40%. Árlega er gerð könnun á meðal starfsfólks þar sem spurt er út í ýmsa þætti tengda samgöngusamningnum og ferðamáta. Helstu niðurstöður voru að notkun á einkabíl hefur aukist á kostnað þess að ganga í vinnuna. Notkun á einkabíl til og frá vinnu er fyrsti kostur yfir vetrartímann hjá 54% starfsfólks.

Heimsfaraldur hafði áhrif á ferðamáta starfsfólks og fækkaði þeim sem nýttu sér almenningssamgöngur. Notkun á rafhjólum jókst og rafbílum hefur fjölgð, enda hefur hleðslustöðvum við Studlaháls verið fjölgæð til að styðja við orkuskipti í samgöngum.

Af þeim sem eru með samgöngusamning, og tóku afstöðu, eru 84% ánægðir með samninginn. 90% telja að samningurinn og hreyfing í kjölfarið hafi haft jákvæð áhrif á heilsu og líðan.


Til samanburðar, þá er samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 2010-2030 stefnt að því að fækka ferðum einkabíla í 58% og að 8% allra ferða verði farnar á hjóli, 12% ferðist með strætó og 22% gangandi. Starfsfólk ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar náð þessu markmiði.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um Sjálfbæra þróun; Sjálfbærar borgir og samfélög númer 11, Heilsa og vellíðan númer 3, og Aðgerðir í loftslagsmálum númer 13, fléttast inn í samgöngumálin. Það leiðir af sér minna svifryk, minni útblástur, minni gatnaskemmdir, styttri umferðartíma og betri andlega og líkamlega heilsu.

**84%**

starfsfólk ánægt með samgöngusamning

## FARARTÆKI SUMAR - FYRSTI KOSTUR



Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna eru skemmtilegar keppnir sem efla liðsheild og hvetja fólk til hreyfingar. Frábær þátttaka var í Lífshlaupinu og tóku 266 starfsmenn þátt í keppninni. Veitt voru verðlaun fyrir fjölda mínútna og fjölda daga og varð Vínþúðin í fyrsta sæti í báðum flokkum. Færri tóku þátt í Hjólað í vinnuna en árangurinn var engu að síður frábær og varð Vínþúðin í öðru sæti í sínum flokki í vinnustaðakeppninni. Lið Vínþúðanna varð í fyrsta sæti í keppni um hlutfall kílómetra, að meðaltali hjólaði hver liðsmaður tæplega 800 km.

Starfsfólk er boðið upp á heilsufarsskoðun þar sem mældur er blóðþrýstingur, kólesteról og blóðsykur, auk þess er boðið upp á viðtöl þar sem lögð er áhersla á álag og streitu. Árlega er boðið upp á fyrirlestra og fræðslu um andlega og líkamlega heilsu.

Til að stuðla að sjálfbærni og geta boðið upp á hollan og næringarríkan mat var haldið áfram með matjurtagarð á lóðinni á Stuðlahálsi. Garðurinn var stækkaður lítillega til að auka fjölbreytni. Í garðinum voru ræktaðar ýmsar tegundir: rabarbari, rifsber, kryddjurtir, kartöflur, grænkál og jarðarber. Mikil ánægja var með uppskeruna og er markmiðið að halda áfram með ræktunina.

## MANNAUDUR


# Mannauður - greining og tölur

Í árslok voru 528 starfsmenn á launaskrá. Konur eru fleiri í starfsmannahópnum eða 303 á móti 225 körlum.

Ráðningarárnum eru tvö. Fastráðning sem getur bæði verið fullt starf og hlustarf, og tímavinnan. Tímavinnustarfsfólk vinnur almennt á álagstínum seinni hluta vikunnar, í sumarafleysingum og um jólf. Heildarfjöldi starfsmanna sem fengu greidd laun á árinu var 735. Umreiknað í ársverk voru þau 356, tveimur fleiri en árið 2019.

Starfsmannavelta fyrirtækisins í heild var 28%. Mesta starfsmannaveltan var hjá starfsfólk í tímavinnu, 36%, en minnst hjá starfsfólk í fullu starfi, 3%.

## FJÖLDI STARFSFÓLK S EFTIR STARFSLUTFALLI OG KYNI




# 735

fengu greidd laun árið 2020

# 356

ársverk voru unnin árið 2020

#### GREINING Á STARFSMANNAVELTU



#### MANNAUDUR

## Slys og fjarvistir vegna veikinda

Markmiðið er að halda vinnustaðnum öruggum og slysalausum. Það náðist ekki á árinu og voru alls skráð 12 slys. Átta slys gerðust á starfsstöð og fjögur slys urðu á leið til eða frá vinnu. Hlutfall slysa milli kynja skiptast þannig að einn karlmaður og sjö konur slösudust á vinnustað. Sami fjöldi kvenna og karla slasaðist á leið í eða úr vinnu.

Á árinu var skipt um viðverukerfi, það var gert í áföngum og í samræmi við viðverustefnu var skilgreiningum á langtíma- og skammtímaþeikindum breytt. Nú er skammtímafjarvera vegna veikinda allt að tvær vikur og langtímafjarvera er fjarvera lengri en tvær vikur samfellt. Samkvæmt þessum nýju skilgreiningum er hlutfall skammtímafjarveru vegna veikinda og veikinda barna alls 3,0%. Hafa ber í huga að COVID-19 getur haft áhrif til hækkanar veikindaskráningu. Starfsfólk var hvatt til að halda sig heima ef það fann fyrir flensueinkennum eða kvefi, sem annars hefði hugsanlega mætt til vinnu.

#### Skammtímafjarvera vegna veikinda og veikinda barna

Í hlutfalli við unnar stundir, skipt eftir starfsstöðvum

	DM	Skrifstofa	Vínbúðir	Alls
Karl	2,4	1,0	3,3	2,7
Kona	4,9	3,6	3,1	3,3
Alls	2,7	2,5	3,2	3,0

# Fræðsla og starfsþróun

Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu. Megináhersla er lögð á vörubekkingu með áherslu á tengsl vína og matar. Vegna heimsfaraldurs varð mikil röskun á fræðsluáætlun ársins og þurfti að endurhugsa alla fræðslu þar sem fókusinn fór frá staðbundinni fræðslu yfir í rafræna. Samanlagt urðu fræðslustundir ársins 2.822 og fækkaði um 60% milli ára. Mesta fækkun fræðslustunda varð eðlilega í vínfræðslu. Á síðari hluta ársins var boðið upp á rafræna vínfræðslu. Mikil ánægja var með hana, sérstaklega á landsbyggðinni.



## Fræðsla

Fræðsluflokkar	Starfsfólk	Konur	Karlar	Tímar alls	Meðalfjöldi á stöðugildi	Fjöldi námsk.
Skyndihjálp, lyftara- og öryggisnámskeið	102	83%	17%	286	<b>0,80</b>	20
Móttaka nýliða og íslensku kennsla	163	67%	33%	529	<b>1,49</b>	rafræn
Almenn fræðsla m.a. umhverfisvernd, samskipti og góð heilsa	1162	68%	32%	674	<b>1,89</b>	staðbundin/rafræn
Vínskóli Vínbúða	16	31%	69%	384	<b>1,08</b>	1
Vínráðgjafafræðsla	706	63%	37%	949	<b>2,67</b>	rafræn
<b>Samtals námskeiðsstundir</b>				<b>2.822</b>	<b>7,93</b>	

Í þjónustukönnun eru viðskiptavinir spurðir um afstöðu til þekkingar starfsfólks.

79% telja starfsfólk Vínbúðanna búa yfir mjög eða frekar mikilli þekkingu.

Eingöngu 2% telja þekkinguna mjög eða frekar litla.

Starfsmannasamtöl eru hluti af starfsþróun. Öllu starfsfólk er boðið að lágmarki upp á tvö samtöl á ári. Samtalini er ætlað að gefa starfsmanni og stjórnanda færí á að ræða verkefni, möguleg vandamál og aðgerðir til úrbóta. Megináherslur samtalanna eru væntingar, starfsandi og stuðningur í starfi.

**MANNAUÐUR**

# Kjarasamningar

Öll starfsemi ÁTVR er á Íslandi og því er ekki talin hætta á að brotið sé á réttindum starfsmanna varðandi samningsrétt eða þáttöku í stéttarfélögum.

ÁTVR virðir mannréttindi og fylgir lögum og reglum sem gilda um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Starfsfólk fær greidd laun í samræmi við kjarasamninga, fyrir utan forstjóra. Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisins, gerir kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög. Gerðir hafa verið stofnanasamningar um nánari útfærslur kjarasamnings við annars vegar Sameyki og hins vegar einstök félög háskólamenntaðra starfsmanna. Allt starfsfólk er í stéttarfélagi.

Starfsfólk undir 20 ára aldri er ekki ráðið til starfa. Ástæðan er sú að viðskiptavinir þurfa að hafa náð 20 ára aldri til að mega versla í Vínbúðum.

Starfsfólk er ýmist ráðið tímabundið eða fastráðið. Uppsagnafrestur starfsfólks er samkvæmt viðeigandi kjarasamningum en er ólíkur eftir ráðningarformi, 1 mánuður hjá tímavinnustarfsfólk en að lágmarki 3 mánuðir fyrir fastráðna.

Starfsfólk sem ráðið er til starfa fyrir gildistöku starfsmannalaganna frá júní 1996, getur átt rétt til biðlauna ef starf þeirra verður lagt niður.

**MANNAUÐUR**

# Jafnlaunavottun

ÁTVR hefur sett sér jafnlaunastefnu og birt jafnréttisáætlun. Markmið jafnlaunastefnu er að allt starfsfólk hljóti jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni, þjóðerni eða öðrum órokstuddum þáttum. Jafnréttisáætlun er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu þeirra og virðingu. ÁTVR leggur áherslu á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða búsetu. Jafnréttisáætlun ÁTVR byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

ÁTVR fékk Jafnlaunavottun í nóvember 2018. Markmið með innleiðingu jafnlaunakerfisins samkvæmt jafnlaunastaðlinum (ÍST:85 2012) er að viðhalda launajafnrétti og uppfylla skyldur atvinnurekenda samkvæmt III kafla laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Með vottun felst jafnframt skuldbinding til að vinna að stöðugum umbótum, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við frávikum sem upp kunna að koma.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2018 - 2021

SAMFÉLAGID

## Ábyrgir starfshættir

Fagmennska, hagkvæmni og ábyrg vinnubrögð einkenna starfsemina. Lögð er áhersla á mælanleg markmið til að tryggja árangur á öllum sviðum. Við fylgjumst með og tileinkum okkur nýjungar til framfara.



SAMFÉLAGID

## Samfélagsleg ábyrgð hjá ÁTVR

2011



- Samfélagsábyrgð fyrst nefnt í lögum um áfengi og tóbak

2012



- ISO26000
- Stofnsamningur við birtga tók að fullu gildi
- ÁTVR aðili að Global Compact

2013



- Ársskýrla 2012 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá - G3.1
- Endurtekið CSR sjálfsmat
- Jafnlaunavottun
- ÁTVR aðili að Festu

2014



- Árangursmælingar endurmetnar
- Aukið úrvat fjölnota poka
- Ársskýrla 2013 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá - G4

2015



- Ársskýrla 2014 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá - G4

2016



- Þátttaka í Loftlagsfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar
- Ársskýrla gefin út á rafrænu formi
- Jafnlaunavottun
- Kuðungurinn

2017



- Græn skref í ríkisrekstri innleidd í allt fyrirtækið
- Könnun á samfélagsábyrgð

2018



- Jafnlaunavottun ÍST 85:2012
- ÁTVR tilnefnt til loftslags-verðlauna Reykjavíkurborgar

2019



- Áætlað kolefnisspor umbúða birt á vinbudin.is

2020



- Norræn ráðstefna um vatn og mannréttindi
- Sölu plastpoka hætt
- Jafnlaunavottun endurnýjuð

# Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Í samfélagi nútímans eru sífellt gerðar meiri kröfur til fyrirtækja um að þau tryggi að vörur, sem þau selja, séu framleiddar með siðrænum hætti. Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasölurnar Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkaðla Landsins í Færejum og ÁTVR verið í samstarfi sem snýr að siðferðilegum grundvallarreglum í aðfangakeðjunni. Sameiginlegt markmið er að tryggja að allt áfengi sé framleitt samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum.


Allar einkasölurnar hafa gerst meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori en markmið þeirra er að tryggja aukna samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni. Á þessum 11 árum sem einkasölurnar hafa verið í samstarfi hafa helstu vínframleiðslulönd heimsins verið heimsótt. Í heimsóknunum hefur verið fundað með helstu hagsmunaaðilum svo sem framleiðendum, samtökum framleiðenda og fulltrúum stjórnavalda. Á fundunum hafa siðareglur sem byggja á siðareglum amfori verið kynntar. Verkefninu er ætlað að leiðréttá hegðun ef úrbóta er þörf en ekki útiloka vörur nema önnur úrræði hafi verið fullreynd. Að jafnaði standa Alko, Systembolaget og Vinmonopolet fyrir fjölda úttekta á ári sem framkvæmdar eru á vegum alþjóðlegra úttektaraðila í samstarfi við amfori. Í úttekunum eru framleiðendur metnir á grundvelli siðareglanna og áætlun gerð til úrbóta ef þörf er á. Niðurstöðurnar eru birtar í gagnagrunni amfori fyrir meðlimi samtakanna. Í ár röskuðust úttektaráætlanir verulega en stefnt er að því að taka aftur upp þráðinn þegar tökum hefur verið náð á COVID-19. Í stað úttekta var samstarfið við amfori aukið og meðal annars lögð aukin áhersla á rafræna fræðslu til framleiðenda og ræktenda.

## Skilríkjaeftirlit

Hornsteinn samfélagslegrar ábyrgðar er að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Starfsfólk er þjálfað í að spryja þá viðskiptavini sem virðast 24 ára eða yngri, um skilríki. Til að efla starfsfólk í skilríkjaeftirliti eru framkvæmdar hulduheimsóknir. Viðskiptavinir á aldrinum 20 – 24 ára versla í Vínbúðunum og skila niðurstöðum til rannsóknaraðila um hvort viðkomandi hafi þurft að framvísa skilríkjum.

Hulduheimsóknir eru framkvæmdar í öllum stærri Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu, á Selfossi, í Reykjanesskaga og á Akureyri. Að meðaltali eru þrjár heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð. Árangur hulduheimsóknna var 78% sem er undir 90% markmiðinu. Í kjölfar COVID-19 lækkaði hlutfall þeirra sem voru spurðir um skilríki en síðustu mánuði ársins varð árangurinn betri.

HULDUHEIMSÓKNIR



# Grænt bókhald

ÁTVR heldur grænt bókhald, er þáttakandi og skilar inn tölu til Grænna skrefa hjá Umhverfisstofnun. Þetta er samstarfsverttvangur opinberra aðila, en markmiðið er að stuðla að vistvænum innkaupum. Græn skref er leið fyrir opinbera aðila að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum. Skrefin eru fimm og fæst viðurkenning frá Umhverfisstofnun eftir hvert skref. Allar Vínbúðir, auk höfuðstöðva og dreifingarmiðstöðvar, hafa innleitt skrefin fimm.




	2019	2020	Markmið 2020	
<b>Prentun</b>				
Skrifstofupappír	4,5	4,8	4,5	kg/stg.
Prentun umhverfisvottuð	100%	100%	100%	hlutfall
<b>Einnota vörur</b>				
Sótthreinsispritt	70	700	lítar	
Pappamál	28	70	5	stk/stg.
<b>Ræstiefni</b>				
Sólarræsting	100%	100%	100%	hlutfall
Ræstivörur	85%	89%	90%	hlutfall
<b>Umbúðir</b>				
Seldir einnota burðarpokar	56.273	21.279	25.000	stk./Mltr.
Strekkifilma	704	612	600	kg/Mltr.
Niðurbrjótanlegir burðarpokar	27.478		25.000	

Á árinu var keypt mun meira af einnota vörum vegna kröfu um sóttvarnir. Reynt var að lágmarka kaup á einnota vörum og hafði starfsfólk til að mynda val um að nota margnota grímur frekar en einnota, einnig var viðskiptavinum boðið að kaupa margnota grímur í Vínbúðum. Í þeim tilfellum sem kaupa þurfti einnota vörur var lögð áhersla á að kaupa eins umhverfisvænar vörur og kostur er.

Sólarræsting, sem er Svansvottað ræstingarfyrirtæki, annast ræstingu á skrifstofu og dreifingarmiðstöð. Í Vínbúðum sér starfsfólk um ræstingar. Alls voru notaðir 1.129 lítrar af ræstiefnum og eru 89% þeirra umhverfisvottuð. Unnið er að því að allar ræstingarvörur verði umhverfisvottaðar.

Einn liður í umhverfismálum, og til að ná fram hagræðingu, er innleiðing á rafrænum reikningum. Í ár er hlutfall rafrænna reikninga 87%. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur gefið út að áætla megi að það sparist um 1.000 krónur fyrir hvern reikning sem verður rafrænn. Á árinu tók ÁTVR á móti 55,5 þúsund reikningum, miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að sparnaðurinn í virðiskeðjunni sé rúmlega 55 milljónir.



# Umbúðir


## Aðfangakeðjan og endurvinnsla skiptir ÁTVR miklu máli

Endurvinnslan hf. sér um meðhöndlun allra einnota drykkjarvöruumbúða á Íslandi. Á árinu greiddi Endurvinnslan út rúmlega 2,7 milljarða króna í skilagjald. Skil á drykkjarvöruumbúðum jókst á milli ára, var 91,4% af seldum umbúðum. Helstu skýringar eru þær að nýjar stöðvar hafa verið opnaðar, aðrar tæknivæddar og vitund almennings aukist gagnvart umhverfismálum.

Á árinu nam heildarsala drykkjarvöruumbúða 185,5 milljónum eininga þar af voru rúmlega 58 milljónir seldar í Vínbúðunum.

Niðurstaða lífsferilsgreiningar á vörusafni sem ÁTVR vann ásamt systurfyrirtækjum á Norðurlöndum, sýndi að mestu umhverfisáhrifin voru af umbúðum. Þar komu glerumbúðir verst út, því næst var eldsneytisnotkun í vínrækt og þriðji þátturinn var orkunotkun í verksmiðjum.

### SAMANBURÐUR Á KOLEFNISSPORI UMBÚÐA g/l AF CO<sub>2</sub>




\* Hér byggist útreikningurinn á upplýsingum úr annarri gagnaveitu.

Til upplýsinga fyrir viðskiptavini þá eru birtar á vöruspjaldi allra léttvínstegunda á vinbudin.is, þyngd umbúðanna og áætlað kolefnisspor þeirra. Þyngd glersins skiptir mestu máli þegar kemur að kolefnisspori glerumbúða. Áhersla hefur verið lögð á að framleiðendur noti léttgler, það er léttara en 420 g, sérstaklega fyrir vörur sem framleiddar eru í miklu magni. Í vörusafni eru vín í 750 ml glerflöskum, rauðvín, hvítvín og rósavín, í léttgleri sem er 43% miðað við selda lítra. Markmiðið er að hlutfallið verði 50%. Það náðist ekki á árinu meðal annars vegna aukinnar sölu á dýrari vörum sem almennt eru í þyngra gleri. Heildarlosun frá umbúðum var 8.439 tonn og jókst í takt við söluaukningu. Markmiðið er að minnka kolefnissporið um 20% árið 2030.




### LOSUN CO<sub>2</sub> FRÁ UMBÚÐUM

Tonn



### HEILDARLOSUN UMBÚÐA

Tonn CO<sub>2</sub> á milljónir seldra lítra




Markmiðið er að draga úr losun um 2% árlega miðað við selta lítra, meðal annars með fjölgun söluhárra tegunda í léttgleri. Auk þess má búast við að aukning verði á framboði vína í öðrum gerðum umbúða sem hafa minni umhverfisáhrif en gler.

Hlutfallið á milli losunar á selta milljón lítra á milli ára fór úr 317 í 315 (tCO<sub>2</sub>/milljón lítra) eða lækkaði um tæplega 1%. Hlutfall bjórs í álumbúðum jókst, fór úr 87,4% í 88,7%.

### FJÖLDI EININGA EFTIR UMBÚÐUM 2018 - 2020



### SKIL EFTIR TEGUNDUM UMBÚÐA HJÁ ENDURVINNSLUNNI



# Orkunotkun

Þriðjungur raforkunotkunar fyrirtækisins er á Stuðlahálsi þar sem höfuðstöðvar, dreifingarmiðstöð og Vínbúðin Heiðrún eru. Sérstakt hússtjórarkerfi er notað til að vakta hita og rafmangsnotkun og stýra álagi. Í grænu skorkorti er sett markmið og fylgst með orkunotkun. Til einföldunar er notkunin umreknuð í meðal heimilisnotkun og markmið og mælingar miðast við hana. Rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi var sambærileg notkun 125 heimila (623.132 kWst) og lækkaði um 1% milli ára. 22 hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru á lóðinni og fjölgarði um sex. Fyrirsjáanlegt er að raforkunotkun muni aukast með stefnu um orkuskipti í samgöngum. Áfram verður unnið að því að setja upp LED ljós í byggingar.

Heitt vatn samsvaraði notkun 140 heimila ( $80.125 \text{ m}^3$ ) og jókst á milli ára. Ástæða fyrir aukinni notkun á heitu vatni er kaldara veðurfar í veturna.

## Orkunotkun Stuðlahálsi

	2019	2020	Markmið 2020	Mism. 19/20	CO <sub>2</sub> [tonn]	Útreikningarár
<b>Orkunotkun</b>						
Rafmagn	126	125	130	-1%	6,1	Heimili (5,0 Mwst.pr.ár)
Heitt vatn	62	69	65	11%	8,9	Heimili ( $573,3 \text{ m}^3$ )
Heitt vatn - snjóbræðsla	60	71	60	18%	9,2	Heimili ( $573,3 \text{ m}^3$ )

## Rafmagnsnotkun Vínbúða

ÁTVR þekkir til fulls rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi og á 10.191 fermetrum Vínbúða (32) eða um 73% heildarfermetrafjölda. Almenn raforkunotkun var 843 MWst á þessum fermetrum. ÁTVR hefur ekki fullnægjandi vitneskju um rafmagnsnotkun í leiguþúsnaði þar sem rafmagn er hluti af leiguverði. Þekkt rafmagnsnotkun er tæplega 1,5 GWst. Það er samdráttur um 2% frá fyrra ári þrátt fyrir aukningu á verslunarrými og seldu magni. Endurnýjun húsnæðis Vínbúða á mestan þátt í að skila góðum árangri.

Vitneskja um heitavatnsnotkun er sömu takmörkunum háð og vitneskja um rafmagnsnotkun. ÁTVR þekkir til fulls heitavatnsnotkun á Stuðlahálsi og 8.018 fermetrum Vínbúða (22) eða um 57% af heildarfermetrafjölda. Heitavatnsnotkunin var  $40.154 \text{ m}^3$  fyrir þessa fermetra.

Heildarnotkun er áætluð  $68.328 \text{ m}^3$  sem gerir um 5,0 rúmmetra á hvern fermetra Vínbúða. Það er lækkun um 1,4% frá fyrra ári. Umreknað miðað við heildarfermetrafjölda húsnæðis er áætluð almenn notkun rafmagns tæplega 1,8 GWst á ári og á heitu vatni 148 þúsund rúmmetrar.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar raforku er áætlaður 17,4 tonn CO<sub>2</sub>. Kolefnisspor fyrir heitt vatn 33,6 tonn CO<sub>2</sub>. Kolefnisspor raforku hækkar á milli ára þó notkun minnki en losunarstuðull Íslands er hærri. Kolefnisspor varmaorku hækkar einnig, meiri notkun og losunarstuðull hjá Veitum hækkar en stærsti hluti heita vatnsins er keyptur af Veitum. ÁTVR gefur upp losun frá heitu vatni en í gögnum frá Umhverfisstofnun er stuðullinn núll.

Í útreikningum fyrir raforku er miðað við losunarstuðul frá árinu 2019, 9,8 g CO<sub>2</sub>/kWst. (Umhverfisstofnun 2020, <https://ust.is/loft/losun-grodurhusalofttegunda/losunarstudlar/>) Stuðullinn var 8,8 g CO<sub>2</sub>/kWst áður. Stuðullinn í umhverfisuppgjöri hjá Veitum (<https://www.veitur.is/kolefnisspor>) fyrir 2020 er 226,2, var 197,2 og var leiðréttur og útreikningar uppfærðir.

Unnið er eftir Heimsmarkmiði númer 7, Sjálfbær orka, en langstærsti hluti raforkunnar er keyptur af Orkusölunni og er uppruni raforku 100% vatnsorka. Ekki er fjallað um "market based" notkun.

### Raforka og heitt vatn - Allt fyrirtækið


	2019	2020	Eining	Mism. 19/20	Útreikningar
Áætluð heildar raforkunotkun	1.810	1.777	MWst	-2%	
Losunarstuðull raforku	8,8	9,8	g/kWst	11%	Umhverfisstofnun 2020
Kolefnisspor raforku	15,9	17,4	CO <sub>2</sub> tonn	9%	
Vínbúðir - Almenn raforkunotkun	86	83	kWst/m <sup>2</sup>	-3%	
Áætluð varmanotkun	138.951	148.453	m <sup>3</sup>	7%	
Umreiknistuðull Veitna	197,2	226,2	g/kWst	15%	Veitur 2020
Kolefnisspor - Heitt vatn	27,4	33,6	CO <sub>2</sub> tonn	23%	

### Leiðir til að minnka orkunotkun

Í allri starfsemi ÁTVR er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fléttast inn í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 7, Sjálfbær orka, og númer 13, Aðgerðir í loftslagsmálum.

Markvisst er unnið að innleiðingu LED lýsingar í viðhaldi Vínbúða. Almenn raforkunotkun á fermetra í Vínbúðum lækkaði á milli ára, fór úr 86 kWst/fm í 83 kWst/fm.

#### RAFORKUNOTKUN Í VÍNBÚÐUM - KWST/FM



# Loftslagsmál og kolefnisbókhald

ÁTVR hefur sett sér loftslagsmarkmið til ársins 2030 í samræmi við skuldbindingar í samstarfsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í meginatriðum fela loftslagsmarkmiðin í sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, innleiða sjálfbærni, mæla árangur og gefa reglulega út upplýsingar um stöðuna. Umhverfisstjórnun byggir meðal annars á mælingum þar sem notast er við grænt skorkort og GRI staðal (Global Reporting Initiative) við skrásetningu margvíslegra aðgerða í þágu samfélagsins.

Á línuritinu hér fyrir neðan eru loftslagsmarkmið ÁTVR til ársins 2030. Markmiðið er að draga úr beinni losun um 40% miðað við árið 2016. Loftslagsmarkmiðið hefur verið uppfært miðað við breyttar reikniforsendur á útblæstri jarðefnaeldsneytis.



Öll bein losun er kolefnisjöfnuð hjá Kolviði og flug kolefnisjafnað hjá Votlendissjóði.



## Losun

ÁTVR gerir sér grein fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Með því að skrifa undir yfirlýsingu um loftslagsmál skuldbindur fyrirtækið sig til að draga úr þeim í starfsemi sinni. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 13, Verndun jarðarinnar, er hér í öndvegi.

Allur beinn útblástur er kolefnisjafnaður, 165 tonn og flug 7 tonn í umfangi 3, alls 172 tonn.

Kolefnisbókhald nær ekki yfir alla þætti starfseminnar. Heildartölur fyrir vörusafn, mótnuneyti og rekstrarinnkaup eru ekki komnar inn í bókhaldið.


Inn í kolefnisútreikninga hefur skógrækt ÁTVR á Stuðlahálsi verið tekin með. Áætlað er að gróðursett tré þeki tæpan hektara, þá bindur skógurinn 4 tonn af gróðurhúsalofttegundum. Rannsóknir sýna að árleg meðalbinding íslenskra skóga sé 4,4 tonn CO<sub>2</sub> á ha. Nýjar rannsóknir sýna að þessi tala er varlega áætluð.

Helstu umhverfisáhrifum vegna vörudreifingar má skipta í tvennt. Annars vegar losun koltvisýrings vegna eldsneytsbrennslu og hins vegar slit á vegum.

Langtíma markmið ÁTVR er að draga úr notkun jarðefnahknúinna bifreiða. Stefnt er að því að útblástur minnki um 40% fyrir árið 2030. Í úrgangsmálum er 94% markmið um endurvinnsluhlutfall, stefnt er að því að það verði 98% árið 2030. Urðaður úrgangur var um 23 tonn á síðasta ári og stefnt að því að lækka magnið í 8 tonn, sem er 75% samdráttur.

Á vef Vínbúðanna má finna nánari upplýsingar um stöðu loftslagsmála, tölurnar uppfærast reglulega. Stefna ÁTVR er að vera fyrirmund um samfélagslega ábyrgð og mynda jákvætt kolefnisfótspor sem styður náttúruna.

**Allur**  
beinn útblástur er  
kolefnisjafnaður





# Bein losun - umfang 1

## Akstur

Í árslok 2020 voru 51 Vínbúð í rekstri. Þær seldu 26,8 milljónir lítra af áfengi sem var dreift miðlægt frá dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi. Dreifingin er tvíþætt. Annars vegar með eigin bílum, um 80% af magninu, og hins vegar er um 20% af flutningum boðnir út. Eigin bílar flytja vörur um höfuðborgarsvæðið, Borgarnes, Akranes, Suðurnes og Suðurland að Hvolsvelli. ÁTVR flytur tóbak á höfuðborgarsvæðinu með eigin bílum en býður út restina.

Við útreikninga á beinni losun frá bifreiðum er halddið um olíukaup þar sem notaður er losunarstuðullinn 2,72 fyrir dísel og 2,34 fyrir bensín, tölur eru fengnar frá Losunarstuðlum Umhverfisstofnunar.

ÁTVR nýtti tíu dísilbíla í lok árs, tvo tengiltvinnbíla og einn rafbíl.




## Kælimiðlar

Kælar í Vínbúðum eru 16. Verið er að breyta kælimiðlum úr R404a í CO<sub>2</sub>. Kælimiðillinn R404a var notaður í öllum kælirýmum en hann hefur ekki áhrif á ósonlagið heldur mikil gróðurhúsaáhrif. Losun af einu kg af R404a hefur sömu áhrif og 3.922 kg af koldíoxíði (1 x 3.922 GWP (e. Global Warming Potential)). Kælicherfin eru lokað og engin óhöpp urðu í kælimiðlum á árinu. Í kerfunum eru 10 kg af kælimiðli. Notast er við sömu aðferð og í Danmörku en þar er áætlað að 3% tap sé af kælimiðli á ári. Því er áætlað að 13 tonn af koldíoxíð ígildum (CO<sub>2</sub>íg.) losni á ári. Samdráttur í losun milli síðustu ára skýrist af því að Vínbúðin í Mosfellsbæ skipti yfir í CO<sub>2</sub> kælimiðlum. Enn eru 11 Vínbúðir með R404a kælimiðla. Verður þeim skipt út á komandi árum.



## Kolefnisjöfnun

Bein heildarlosun er 165 tonn af CO<sub>2</sub> og bindur ÁTVR 4 tonn. Það eru 161 tonn kolefnisjöfnuð hjá Kolviði, sem samsvarar því að gróðursetja 1.610 tré. Þau tré munu taka þátt í andardráetti Íslands um ókomin ár.



## Óbein losun - umfang 2

### Raforku- og varmanotkun

Rafmagnsnotkun dróst saman á Stuðlahálsi og í Vínbúðum. Á móti hækkaði losunarstuðullinn.

Áætlað er að notaðar hafi verið tæplega 1,8 GWst rafmagn og 148 þúsund rúmmetrar af heitu vatni fyrir allan rekstur. Áætlaður útblástur er að 17 tonn losni við framleiðslu rafmagns og 34 tonn CO<sub>2</sub> ígildi við framleiðslu heits vatns. Meiri notkun var á heitu vatni vegna óhagstæðs veðurfars.



# Óbein losun - umfang 3

## Umbúðir vörusafns

Vörusafnið hefur stærsta kolefnissporið. Árið 2014 hófst vinna við lífsferilsgreiningu á vörusafni, þá kom í ljós að umbúðir sköpuðu stærsta kolefnissporið. Í kjölfarið var farið að greina kolefnisspor umbúða og þá sást að glerumbúðir eru með stærsta sporið. Með losunarstuðlum sem komu úr greiningunni er hægt að reikna kolefnisspor umbúða. Heildarkolefnisspor umbúða er 8.439 tonn og jókst um 18% milli ára. Orsökina má finna í því að sala jókst um 18,3%, meðal annars vegna heimsfaraldurs.



## Flutningur vöru

Umfang aksturs þriðja aðila vegna dreifingar áfengis á landsbyggðinni er rúmlega 5 milljónir lítra, 240 tonn af CO<sub>2</sub>. Það eru tæp 20% af seldu heildarmagni áfengis. Miðað er við rauntölur kolefnisfótspors frá Samskipum 107,6 g/tonnkm. Árið 2019 var losunartalan 104,3 g/tonnkm.

## Flug starfsfólks


Starfsfólk ÁTVR flaug fimm ferðir til og frá Íslandi á árinu 2020. Samkvæmt reiknilíkani ICAO þá er losun þessara ferða samtals 2 tonn af CO<sub>2</sub>.

Í innanlandsflugi voru farnar samtals 68 ferðir, flestar til Akureyrar. Samkvæmt reiknilíkanu var losun samtals 5 tonn CO<sub>2</sub>. Þó flug falli undir óbein áhrif var ákveðið að kolefnisjafna allt flug hjá Votlendissjóði. Alls voru 7 tonn kolefnisjöfnuð. Endurheimt votlendis vinnur með Heimsmarkmiði númer 14, Líf í vatni, og númer 15, Líf á landi, sem stuðlar að líffræðilegum fjölbreytileika.

## Ferðavenjur til og frá vinnu

Könnun á ferðavenjum starfsfólks til og frá vinnu var endurtekin. Niðurstaðan var að 125 tonn af CO<sub>2</sub> losna út í andrúmsloftið vegna samgangna starfsfólks. Niðurstaða ársins er lakari en fyrrí ára sem skýrist meðal annars af lítillegri fjölgun ársverka, samgöngusamningum fækkaði og meðalvegalengd frá vinnustað jókst í 7,2 km. Á móti kom að minni mengun kemur frá einkabílum, fór úr 142 g/km í 129 g/km.

LOSUN STARFSMANNA CO<sub>2</sub> - TIL OG FRÁ VINNU



## Sjóflutningur tóbaks og áfengis

Með nákvæmari losunartölum frá flutningsaðilum verða tölurnar raunhæfari. Í útreikningum var miðað við 31 g/tonnkm frá Eimskip (sjá [kolefnisreiknivél](#)).

Sjóflutningur áfengis hækkar milli ára um 2%. Helsta skýring er 18,3% söluaukning, á móti kemur lægri losunarstuðull. Sjóflutningur neftóbaks er áætlaður 20 tonn og lækkar um 52%. Tæplega 45% samdráttur er í sölu en hráefnið kemur að stórum hluta frá Filippseyjum. Sjóflutningur annars tóbaks lækkar vegna lægri losunarstuðuls en sala þess jókst. Miðað er við flutningsleiðina Reykjavík - Portland.

## Bílaleigubílar og leigubílar

Bílaleigan Höldur er með ISO 14001 vottun og voru allir bílar leigðir þaðan. Alls var keyrt 14.121 km og losun var 2 tonn. Leigubílar voru notaðir í 454 km og losuðu um 60 kg. Stefnan er ávallt sú að panta vistvæna leigubíla.

### Kolefnisbókhald

Tonn CO <sub>2</sub>	Áhrif	2019	2020	Breyting 19/20
Eigin fólksbílar	Bein	22	21	-5%
Eigin flutningabílar	Bein	109	116	6%
Eigin sendiferðabílar	Bein	15	15	0%
Kælimiðlar	Bein	14	13	-8%
Raforkunotkun	Óbein-2	16	17	6%
Varmanotkun - heitt vatn*	Óbein-2	27	34	26%
Umbúðir vörusafns	Óbein-3	7.176	8.439	18%
Keyptur flutningur áfengis	Óbein-3	205	240	17%
Flug innanlands	Óbein-3	5	5	0%
Flug erlendis	Óbein-3	11	2	-82%
Starfsfólk ferðir til og frá vinnu	Óbein-3	121	125	3%
Urðun úrgangurs	Óbein-3	42	30	-29%
Lífrænn úrgangur til jarðgerðar	Óbein-3	1	1	3%
Sjóflutningar áfengis	Óbein-3	2.099	2.148	2%
Sjóflutningar tóbaks	Óbein-3	27	26	-4%
Sjóflutningar neftóbaks	Óbein-3	42	20	-52%
Bílaleigubílar	Óbein-3	1	2	100%

**2%**  
minni kolefnislosun  
mv. selda lítra


## Kolefnisbókhald

Tonn CO <sub>2</sub>	Áhrif	2019	2020	Breyting 19/20
Losun GHL - samtals		9.933	11.254	13%
Kolefnisjöfnun - bein losun -Kolviður		156	161	3%
Kolefnisjöfnun - flug - Votlendissjóður		16	7	-56%
Kolefnisjöfnun - skógrækt á lóð ÁTVR		4	4	0%
<b>Kolefnisspor:</b>		<b>9.757</b>	<b>11.082</b>	<b>14%</b>
CO <sub>2</sub> á selta milljón lítra [tonn]		438	420	-4%
CO <sub>2</sub> á stöðugildi [tonn]		28	32	13%
Tonn CO <sub>2</sub>	Áhrif	2019	2020	
Umfang 1	Bein	160	165	3%
Umfang 2	Óbein	43	51	19%
Umfang 3	Óbein	9.730	11.038	13%
<b>Losun GHL - samtals</b>		<b>9.933</b>	<b>11.254</b>	<b>13%</b>

\* Breytingar á útreikningum

## KOLEFNISJÖFNUN HJÁ ÁTVR

Tonn CO<sub>2</sub>




## Úrgangur

ÁTVR hefur tekist að auka endurvinnslu um 9,9% og draga úr blönduðum úrgangi um 3,3% milli ára. Umfang á grófum úrgangi er vegna viðhaldsframkvæmda og er breytilegur milli ára. Grófur úrgangur svo sem steinsteypa, innréttningar og byggingarhlutar úr timbri tengist ekki daglegum rekstri, heldur tímabundnum framkvæmdum.

Með því að flokka úrgang til endurvinnslu í stað þess að urða hann má draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið endurvinnslu er að mynda hringrás sem miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka þannig álag á auðlindir jarðar.

Eins og sést í töflunni hér að neðan flokkaði Vínþúðin 332 tonn af vigtuðum úrgangi. Þannig kom fyrirtækið í veg fyrir að út í andrúmsloftið losnuðu gróðurhúsalofttegundir sem jafngilda rúmlega 1.885 tonnum\*\* af CO<sub>2</sub>. Það samsvarar ársnotkun 628 fólksbíla (miðað við 3 tonn losun fólksbíls) eða akstri allra bifreiða ÁTVR í 12 ár. Vigtaður blandaður úrgangur var 23,4 tonn.



Fjárhagslegur áviningur er af því að flokka úrgang. Ef fyrirtækið þyrfti að greiða förgunargjöld þá væri kostnaður tæpar 5 milljónir en í staðinn fær fyrirtækið tekjur upp á tæpar 2 milljónir fyrir sölu á pappír og plasti. Endurvinnsluhlutfall fyrirtækja á Íslandi eru undir 50% og því liggja mikil verðmæti í úrgangi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 12, Ábyrg neysla er eitt af mikilvægustu markmiðum ÁTVR. Stefnt var að 93% endurvinnsluhlutfalli úrgangs og það náðist. Markmiðið verður hækkað í 94% fyrir næsta ár. Markmiðið er að ná 98% endurvinnsluhlutfalli árið 2030. Innleiðing á Grænum skrefum í ríkisrekstri er mikilvægt skref til að ná þessum áfanga.

## Úrgangur


TONN - vigtaður úrgangur	Umhverfisáhrif	2019	2020	% breyting	CO <sub>2</sub> -e losun
<b>Endurunnið</b>					
Bylgjupappi**	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	229	272	18,8	-1.828
Plastumbúðir	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	42,6	36,7	-13,8	-16
Pappír	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	12,3	6,3	-48,8	-42
Önnur flokkun	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	10,9	9,4	-13,8	0
Lífrænt til moltugerðar	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	7,3	7,6	3,4	1
<b>Samtals endurunnið</b>		<b>302,3</b>	<b>332,2</b>	<b>9,9</b>	<b>-1.885</b>
<b>Urðað</b>					
Blandaður úrgangur*	Jarðvegsmengun	24,2	23,4	-3,3	30
<b>Samtals urðað</b>		<b>24,2</b>	<b>23,4</b>	<b>-3,3</b>	<b>30</b>
<b>Samtals endurunnið og urðað</b>		<b>326,5</b>	<b>355,6</b>	<b>8,9</b>	<b>-1.854</b>
<b>Endurvinnsluhlutfall, %</b>		<b>93</b>	<b>93</b>		
<b>Grófur úrgangur</b>		<b>9,2</b>	<b>50,9</b>	<b>451,2</b>	<b>0</b>
<b>Áætlaður heildarúrgangur</b>		<b>333</b>	<b>363</b>	<b>9,0</b>	
<b>Úrgangur - á milljón lítra [tonn]</b>		<b>14,7</b>	<b>13,5</b>	<b>-7,9</b>	
<b>Blandaður úrgangur - á milljón lítra [tonn]</b>		<b>1,07</b>	<b>0,87</b>	<b>-18,2</b>	

\* Blandaður úrgangur margfaldaður með stuðlinum 1,3 (áður 1,75), losunarstuðlar Umhverfisstofnunar 2020.

\*\* Bylgjupappi er margfaldaður með CO<sub>2</sub>-ígildis stuðlinum 6,71, plastumbúðir með stuðlinum 0,433 og grófur úrgangur og önnur flokkun með 1,6. Miðað er við að viðbótarvinna tækja sem valda útblæstri koldíoxiðs sé sambærileg hvort sem bylgjupappi og pappír sé fluttur á urðunarstað til urðunar eða fluttur úr landi til endurvinnslu. Metan er margfaldað með stuðlinum 25. Heimild: Guidelines for the use of LCA in the waste management sector. Helga J. Bjarnadóttir, Guðmundur B. Friðriksson ofl.

\*\*\* Lífrænn úrgangur til jarðgerðar, margfaldaður með stuðlinum 0,172, losunarstuðlar Umhverfisstofnunar 2020.

### ENDURVINNSLUHLUTFALL




Verulegur árangur hefur náðst þegar litið er til lengri tíma.

Árið 2011 var endurvinnsluhlutfallið 83% en í ár er það 93%.

## ÚRGANGUR - TIL ENDURVINNSLU

Magn í tonnum



## SAMFÉLAGIÐ

# Umhverfislög og reglur

Fyrirtækið fékk hvorki sektir né viðurlög vegna brota gegn umhverfislögum og -reglum á starfsárinu 2020. Það hefur aldrei gerst.

BIRGJAR

## Birgjar

Við leggjum áherslu á góð tengsl og samvinnu við birgja og þjónustuaðila. Við gætum jafnræðis í samskiptum og við val og dreifingu á vörum. Öflug rafræn samskipti og birgjavefur bæta þjónustu og upplýsingaflæði.



BIRGJAR

## Samskipti við birgja




Allir sem hafa leyfi til innflutnings áfengis geta sótt um að vörur þeirra fari í sölu í Vínbúðir. Áður en viðskipti geta hafist, þurfa birgjar að gera stofnsamning við ÁTVR. Samningurinn tekur til allra vörukaupa frá birgi og veitir jafnframt aðgang að þjónustuvef. Jafnframt kveður samningurinn á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vörual, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (Nr. 1106/2015).

Á þjónustuvef hafa birgjar yfirsýn yfir stöðu umsókna, þar geta þeir nálgast söluskýrslur og framlegðarskrá auk þess sem birtar eru almennar fréttir sem snúa að samskiptum birgja og ÁTVR. Árlega er framkvæmd viðhorfskönnum meðal birgja til að fá fram skoðanir þeirra á ýmsum þáttum.

Við úrvinnslu könnunarinnar er birgjum skipt í two flokka eftir veltu þeirra. Stórir birgjar, þeir sem hafa yfir 200 milljónir króna viðskipti á ársgrundvelli við ÁTVR, og minni birgjar, þeir sem eru með viðskipti undir þeirri upphæð. Almennt eru stærri birgjar ánægðari en þeir minni. Niðurstöðurnar eru rýndar um leið og leitað er leiða til að bæta samskipti og þjónustu.

Heildaránægja birgja með ÁTVR lækkaði á milli ára. Hún er núna, á skalanum 1-5, 3,68 en var 3,88. Birgjar eru almennt nokkuð ánægðir með upplýsingagjöf ÁTVR og svara 65% þeirra að þeir séu mjög eða frekar ánægðir. Þjónusta einstakra deilda fær almennt góða einkunn og innkaupadeildin sem að jafnaði er í mestum samskiptum við birgja fær góða einkunn, 79% eru ánægðir með þjónustu deildarinnar. Þær áskoranir sem ÁTVR stendur jafnan frammi fyrir, í samskiptum við birgja, er að tryggja hlutleysi við ákvarðanir. Það á jafnt við um val, innkaup, dreifingu og framstillingu vöru. Aðspurðir í birgjakönnun telur meirihluti birgja eða 55% að reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu á áfengi tryggi hlutleysi gagnvart birgjum, 22% voru hlutlausir og 2% telja að reglugerðin tryggi ekki hlutleysi.

Birgjar hafa aðgang að sérstökum þjónustuvef sem er í stöðugri þróun.



EIGANDINN

## Eigandinn

Við erum trú hlutverki okkar og framfylgjum stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu. Við styðjum samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið.



EIGANDINN

## Rekstur

Stór hluti tekna ÁTVR er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum ríkissjóðs, í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 30.780 milljónum króna, en var 26.228 milljónir króna árið 2019. Alls nam arður ÁTVR til ríkissjóðs 1.000 milljónum króna.


1. janúar voru gerðar breytingar á áfengisgjöldum. Gjöldin hækkuðu um 2,5% á alla flokka, það er bjór, léttvín og sterkt áfengi. Á sama tíma hækkaði tóbaksgjald á vindlinga, vindla og neftóbak um 2,5%.

# Hagnaður og sölutölur

Hagnaður ÁTVR var 1.821 milljónir króna, í samanburði við 1.056 milljónir króna árið 2019. Rekstrartekjur ársins voru 44.904 milljónir króna og hækkuðu um 21% á milli ára. Rekstrargjöld námu 42.973 milljónum króna, þar af var vörunotkun 38.052 milljónir króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2.206 milljónir króna, eða 4,9% miðað við 3,7% á fyrra ári. Arðsemi eiginfjár á árinu var 28,4%.

## Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift

Tölur í sviga sýna 2019.



Hagnaður

**1.821**

milljónir króna

Arður til ríkissjóðs

**1.000**

milljónir króna

EIGANDINN

## Sala áfengis

Tekjur af sölu áfengis voru 34.636 milljónir króna án vsk. og hækkuðu um 27% milli ára. Alls voru seldir 26,8 milljónir lítra af áfengi. Sala ársins var 18,3% meiri í lítrum í samanburði við fyrra ár. Sala jókst í öllum flokkum, í léttvíni, sterku áfengi og bjór. Mest var aukningin í sölu á léttvín eða 26,5%.



EIGANDINN

## Sala tóbaks

Tekjur af sölu tóbaks voru 10.077 milljónir króna án vsk. og jukust um 5% milli ára. Sala á neftóbaki dróst saman um tæplega 45% en jókst í öðrum flokkum. Sala á sígarettum jókst um 8,6% eftir samdrátt undanfarin ár.

Neftóbak

25


tonn sold

Sala á sígarettum


8,6%

aukning

BREYTING Á SÖLU ÁFENGIS 2019 - 2020



BREYTING Á SÖLU TÓBAKS 2019 - 2020



# Framkvæmdir í Vínbúðum

